

Nd.

224. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, nr. 85 frá 9. okt. 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 85 frá 9. október 1946 orðist þannig:

Meðan eigi er lokið samningum þeim, er nú standa yfir vegna niðurfellingar dansk-íslenska sambandslagasamningsins 30. nóvember 1918, heimilast ríkisstjórn Íslands að gera þær ráðstafanir, sem þörf er á til að láta Færeyinga halda þeim rétti, er þeir hafa haft til fiskveiða með handfæri á þilskipum með eða án gangvéla og opnum bátum hér við land fyrst um sinn, þó eigi lengur en til ársloka 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samningaviðræður standa nú yfir milli ríkisstjórnar Danmerkur og sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn varðandi ýmis atriði, er snerta skilnað Íslands og Danmerkur og enn hefur eigi náðst fullnaðar samkomulag um. Meðan þeim viðræðum er eigi lokið, þykir rétt að láta Færeyinga halda þeim réttindum, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. laga nr. 85 frá 9. október 1946, og er því í frumvarpi þessu lagt til að þeirri grein verði breytt þannig, að í stað orðanna „til ársloka 1947“ komi orðin „til ársloka 1948“.